



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

Flórgoðinn

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Frá námsráðgjafa
- Vetrarfrí
- Samræmd próf í 4. og 7. bekk
- Brosbók
- Skólamyndir
- Skipulagsdagar
- Grenivíkurskóli í heimsókn
- Forföll kennara
- Námskeið um sögu- aðferðina
- Háttvísiverðlaun veitt Fjallheimum
- Dagur íslenskrar tungu
- Skólastjórn
- Frá foreldrafélagi

Sýnum þolinmæði og skilning

Nú eru samræmd próf í 4. og 7. bekk á næsta leiti og því þykir okkur hér í Áslandsskóla mikilvægt að minna foreldra á að styðja við börnin sín meðan á prófunum stendur.

Við vitum að stuðningur foreldra skiptir miklu máli þegar nám er annars vegar.

Þá er ekki þar með sagt að foreldrar eigi að sitja og læra með barninu heldur að sýna því áhuga, fylgjast með og aðstoða þegar á þarf að halda.

Hvernig foreldrar geta aðstoðað:

Stuðningur

Sýndu þolinmæði og skilning því að tíminn sem prófin standa yfir er streitutími fyrir marga.

Uppörvun

Ýttu undir sjálfstraustið sem skiptir svo miklu máli til að ná góðum árangri í námi.

Aðstoð til náms

Sjáðu til þess að til sé einhver aðstoða þar sem hægt er að læra út af fyrir sig og án trufllana

Raunhæf hjálp

Það að vera til staðar til að tala um hlutina, einkum þegar ekki virðist ganga vel, getur gert gæfumuninn.

Nægur svefn og staðgóður morgunverður er líka gott veganesti.



Björk Einisdóttir
Náms- og starfsráðgjafi
Áslandsskóla

Dagur íslenskrar tungu

Skólastjórn 2005-2006

Að tillögu menntamálaráðherra ákvað ríkisstjórn Íslands, haustið 1995, að 16. nóvember ár hvert, sem er fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar, yrði dagur íslenskrar tungu.

Í framhaldi af því hefur menntamálaráðuneytið árlega beitt sér fyrir sérstöku átaki í þágu íslensks máls og helgað þennan dag rækt við það. Með því móti beinist athygli þjóðarinnar að stöðu tungunnar, gildi hennar fyrir þjóðarvitund og alla menningu.

Dagur íslenskrar tungu var fyrst haldinn hátíðlegur árið 1996. Fjölmargir aðilar lögðu hönd á plóg og efndu til viðburða af þessu tilefni. Má þar nefna fjölmiðla, skóla, stofnanir og félög. Menntamálaráðuneytið hélt hátíðarsamkomu og veitti þar í fyrsta sinn Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar og sérstakar viðurkenningar fyrir störf í þágu íslenskunnar.

Dagur íslenskrar tungu hefur síðan verið haldinn hátíðlegur með svipuðu sniði og sífellt fleiri aðilar taka virkan þátt í honum með ýmsu móti. Íslendingar hafa verið hvattir til að draga íslenska fánann að húni á degi íslenskrar tungu.

Leifur S. Garðarsson
skólastjóri
Unnur Elfa Guðmundsdóttir
aðstoðarskólastjóri
Rannveig Hafberg
árgangastjóri 1.-2. bekkur
Hulda Gunnarsdóttir
árgangastjóri 3.-4. bekkur
Auður Óskarsdóttir
árgangastjóri 5.-7. bekkur
Kristín Jóna Magnúsdóttir
árgangastjóri 8.-10. bekkur
Elin Þórarinsdóttir
kennararáði
Björg Haraldsdóttir
kennararáði
Ásdís Reynisdóttir
kennararáði

Vetrarfrí

Vetrarfrí nemenda í grunnskólum Hafnarfjarðar er föstudaginn 28. október og mánudaginn 31. október.

Skipulagsdagur er í grunnskólum bæjarins fimmtudaginn 27. október, þannig að nemendur eru í vetrarleyfi frá fimmtudegi til og með mánudegi.

Skólustarf hefst að loknu vetrarleyfi þriðjudaginn 1. nóvember samkvæmt stundaskrá.

Hættu áður en þú byrjar

Hættu áður en þú byrjar— forvarnarfyrirlestrar og umræður verða í Áslandsskóla mánudaginn 14. nóvember 2005 fyrir nemendur og forráðamenn í elstu bekkjum skólans.

Kl. 8:10-9:30

Kl. 9:50-10:50

Kl. 11:50-13:50

Kl. 18:00-20:00

Kl. 20:00-22:00

7. bekkur—*Sýndu sjálfstæði segðu nei*

8. bekkur —*Sýndu sjálfstæði segðu nei*

9. bekkur—*Hættu áður en þú byrjar*

Nemendur í 10. bekk ásamt foreldrum —
Eftirfylgd

Foreldrar nemenda í 7, 8 og 9. bekk.

Geysilega mikilvægt er að ALLIR mæti og taki þátt í umræðum.

Fjallheimar háttvísasti bekkurinn

Fjallheimar, 5. –HÓS, var útnefndur háttvísasti bekkur Áslandsskóla fyrir september. Útnefningin fór fram á fyrstu sameiginlegu morgunstudni vetrarins sem haldin var fyrir mánaðamót.

Fjallheimar fengu bikar til varðveislu í einn mánuð, viðurkenningarskjal og bláan fugl, en blár fugl gildir tífalt á við aðra fugla.

Þegar háttvísasti bekkurinn er útnefndur er tekið tillit til ástundunar, hegðunar, fjölda stoppmiða og ábendinga starfsfólks um frammistöðu og framkomu nemenda.

Skipulagsdagar í lok október

Miðvikudaginn 26. október er sameiginlegur skipulagsdagur grunnskólakennara í Hafnarfirði.

Samstarfið hefst kl. 13:00 og fer fram í Víðistaðaskóla.

Kennslu í Áslandsskóla lýkur því kl. 12:00 þennan dag.

Þeir sem eru skráðir í heilsdagsskóla þennan dag fara þangað strax og kennslu lýkur nema tilkynnt sé um annað, heimanfrá.

Skipulagsdagur kennara í Áslandsskóla er fimmtudaginn 27. október, daginn fyrir vetrarfrí.

Þann dag mæta nemendur ekki til starfa.

Daginn mun starfsfólk nota til fundarhalds og skipulagsvinnu. Þá mun starfsfólk heimsækja skóla á höfuðborgarsvæðinu og kynna sér starfseminna þar.

Frá TRÖLLA !

Ef forráðamenn hyggjast breyta einhverju varðandi dvöl barna í heilsdagsskólanum—Tröllaheimum—þá verður slíkt að gerast fyrir 20. hvers mánaðar með skriflegum hætti á skrifstofu skólans.

Ekki er hægt að koma eftir þann tíma og óska eftir breytingum.

Tröllaheimar eru fullir og því mjög mikilvægt að upplýsingastreymi varðandi dvöl barna sé með sem bestum hætti.

SÝNUM BÖRNUM OKKAR ÁHUGA — MÆTUM Á FUNDI OG AÐRA VIÐBURÐI Í SKÓLANUM !

Samræmd próf

Nemendur í 4. bekk og 7. bekk þreyta samræmd próf í íslensku og stærðfræði dagana 20. og 21. október næst komandi.

Íslenskuprófið er á fimmtudeginum og stærðfræðin á föstudeginum.

Ákveðið hefur verið að nemendur muni þreyta þessi próf á efri hæð í yngri álmu. Nemendur sem alla jafna stunda nám þar í sínum heimastofum, t.d. 3. bekkur færast þá aðeins til meðan prófin standa yfir.

Nemendur í 4. og 7. bekk mæta í prófin kl. 9:00 en próftaka hefst kl. 9:30 og stendur til kl. 12:00.

Mikilvægt er að nemendur mæti úthvíldir og vel nærðir og nestaðir til prófs í hvert skipti.

Nánari upplýsingar munu berast með nemendum viðkomandi árganga frá umsjónarkennurum þegar nær dregur. Einnig er hægt að fá allar upplýsingar á www.namsmat.is.

Brosbók

Nemendur í 1.—4. bekk fengu svokallaða Brosbók heim með sér á dögunum.

Brosbókin er hluti af símati í Áslandsskóla. Með henni er leitast við að vinna á markvissan og sýnilega hátt með hornstoðir skólans, skólaheitið og dygðirnar. Markmið Brosbókarinnar eru að draga fram og styrkja jákvæða hegðun og upplýsa heimilin um hvernig nemendum gengur að temja sér þá þætti sem Áslandsskóli hefur að leiðarljósi. Bókin fer heim einu sinni í mánuði.

SJÓVÁ og ÍSLANDBANKI hjálpuðu til við útgáfu bókarinnar og kunnum við þeim okkar bestu þakkir fyrir.

Skólamyndir

Skólamyndataka verður í Áslandsskóla í síðustu kennsluviku í október.

Bjarni Jónsson hjá Mynd mun mæta með sínar græjur á svæðið og mynda nemendur í 1., 4., 7. og 10. bekkjum skólans.

Upplýsingabréf er farið af stað heim til þess þessarra árganga þar sem útlistað er um framkvæmd myndatökunar, verð, greiðslumáta og þess háttar.

Mikilvægt er að forráðamenn gangi frá slíkum málum fyrir þá dagsetningu sem getið er um á upplýsingabréfinu.

Auðvitað verða allir í skólafatnaði á myndundum, hvað annað?

Forföll kennara

Einar Daði Reynisson sem verið hefur umsjónarkennari 8.—EDR, Ægisheimar, hefur látið af störfum sem kennari við skólann. Verið er að vinna í að finna nýjan kennara í hans stað.

Þá er Hjördís Óladóttir umsjónarkennari í 4. HÓ—Tunglheimum, í veikindaleyfi og óvíst hvenær hún snýr aftur til starfa. Einnig er verið að vinna í að finna afleysingu fyrir Hjördísi.

Vonandi tekst að leysa úr þessum málum sem allra fyrst en óskað er eftir þolinmæði og umburðarlyndi meðan á úrvinnslu stendur.

Ábendingar frá foreldrafélagi skólans

Forvarnir

Nóvember mánuður verður helgaður forvörnum í Áslandsskóla. Eins og kunnugt er þá fékk foreldrafélagið myndarlegan styrk til forvarnarmála frá samfélagssjóði Alcan í haust. Við munum ríða á vaðið með heils dags dagskrá mánudaginn 14. nóvember fyrir börn í 7. til 10. bekk og foreldra þeirra. Sum ykkar hafa efalaust séð þessa kynningu áður og vitið hversu sterk áhrif hún hefur á börnin jafnt sem foreldra. Þetta er í fyrsta skifti sem Maríta samtökin halda þessa kynningu fyrir 7. bekk og hafa þau lofað okkur að reyna eftir fremsta megni að aðlaga hana þroska þessa aldurshóps til að ganga ekki um of fram af þeim. Við í foreldrafélaginu höfum hins vegar lagt ríka áherslu á að fá kynningu fyrir 7. bekk líka þar sem dæmin sýna að þeir sem verða verst úti byrja oft að prófa sig áfram í 8. og 9. bekk. Við hvetjum alla foreldra til að koma með börnunum sínum á þessa kynningu og hjálpa þeim þannig að "hætta áður en þau byrja", en það er einmitt kjörorð Maríta samtakanna.

Bekkjartenglar og foreldrarölt

Nú er búið að fullmanna stöður bekkjartengla í öllum bekkjum. Foreldrafélagið mun boða tenglana á fund á næstu dögum og hjálpa þeim að koma starfinu af stað í bekkjunum. Sumir bekkir hafa þó ekkert verið að biða og eru þegar farnir að halda uppákomur eins og bingó á kvöldin eftir skóla.

Eitt af lykil verkefnum bekkjartenglanna verður að manna foreldraröltið á föstudögum. Stjórn foreldrafélagsins hefur þegar hafið röltið en brátt munu bekkjartenglarnir taka við og fara að hafa samband við foreldra til að fá þá til að röltla. Við skulum taka þeim vel og muna að með því að röltla erum við að skapa öruggara hverfi sem verður betra fyrir okkur öll að búa í.


Í næsta Flórgoða munum við birta lista yfir bekkjartenglana og áætlun sem sýnir hvenær hver bekkur á að sjá um röltið á þessu skólaári.

Hljóðfæri vantar í Ásinn

Í félagsmiðstöðinni Ásnum er mjög blómlegt tónlistarlíf.

Að því tilefni langar okkur að vita hvort ekki leynist í kjallaranum, geymslunni eða bílskúrnum gamall gítar, trommusett eða önnur hljóðfæri sem við gætum notað í starfið.

Með fyrirfram þökk Ásinn



Á námskeið um söguaðferðina

Tíu kennarar úr Áslandsskóla sóttu á dög-unum námskeið í **Söguaðferðinni—Storyline**—en námskeiðið var haldið á Akureyri.

Söguaðferðin hefur einnig verið nefnd **skoska aðferðin** enda á þessi útfærsla rætur að rekja til skoskra skólanna sem hafa mótað hana og þróað á undanrörnum áratugum. Þessi áhugaverða aðferð hefur rutt sér til rúms í íslenskum skólum. Söguaðferðin er í raun dæmi um háþróaða kennsluáferð þar sem mörgum aðferðum er fléttað saman og áhersla lögð á virkni nemenda, leitarnám, umræður og spurningar, samþættingu námsgreina og skapandi starf.

Grenivíkurskóli í heimsókn

Starfsfólk Grenivíkurskóla kom í heimsókn í Áslandsskóla á dögnum.

Norðanmenn og konur fengu fræðslu um skólafestu Áslandsskóla, sérkenni og áherslur í skólafarfinu.

Þá gengu þau um skólann og kíktu í hvern krók og kima, heimsóttu bekkir og kynntu sér skólafarfið í nærmynd.

Heimsóknir sem þessar eru að verða æ algengari og er það án efa viðurkenning á því góða starfi sem nemendur og starfsfólk vinna hér í Áslandsskóla.

Kynfræðsla í unglingsdeild Skyldumæting Nemendur og forráðamenn

Mánudaginn 24. október fáum við góða gesti í heimsókn til að ræða kynlíf og kynhegðun unglinga. Það kom berlega í ljós á unglingsþingi sem haldið var sl. vetur að unglingar Hafnarfjarðar vilja meiri fræðslu í tengslum við kynlíf. Skólinn og félagsmiðstöðin hafa því tekið höndum saman og brugðist við þessum óskum. Við fáum til okkar þær Dagbjörtu Ásbjörnsdóttur, Guðbjörgu Eddu Hermannsdóttur og Sigurlaugu Hauksdóttur sem munu heimsækja unglinga í 7.-10. bekk á skólatíma og um kvöldið munu unglingarnir koma með foreldrum sínum í skólann.

Þetta er mjög áhugavert málefni sem ekki ætti að vera feimismál fyrir neinn. Reynslan sýnir okkur að mikil þörf er fyrir fræðslu á þessu sviði og í ljósi þess hve hratt unglingarnir okkar lifa er ekki vanþörf á að kynna sér þetta málefni. Von okkar er sú að eftir daginn og kvöldið ætti að vera auðveldara fyrir foreldra og unglinga að ræða kynlíf og kynhegðun á eðlilegum nótum.

Við hvetjum alla til að sýna fordæmi og mæta. Nemendaráð skólans og Ássins mun bjóða upp á veitingar um kvöldið.

Frekari upplýsingar um dagskrána verða sendar í pósti til foreldra þegar nær dregur.

Landsmót SAMFÉS í Fjarðarbyggð

Dagana 30. sept. til 2. okt. 2005 fór stjórn nemendaráðs Áslandsskóla og félagsmiðstöðvarinnar Ássins á Landsmót Samfés sem haldið var í Fjarðarbyggð. Rútuferðin gekk í alla staði mjög vel þó löng hafi verið eða um 12 tíma.

Mótsetning var á föstudagskvöldið, smíðjuvinna allan laugardaginn, skemmtun um kvöldið og lagt heim á leið á sunnudeginum.

Krakkarnir okkar stóðu sig frábærlega og voru í alla staði til fyrirmyndar. Það var frábært að fá að vera með þeim þessa daga og er ég mjög stolt af þessu unga fólki sem þarna var en það voru um 300 unglingar á aldrinum 13-15 ára saman komin til skemmta sér og öðrum.

Linda Hildur Leifsdóttir, starfsmaður Ássins



Kríúási 1
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600
Bréfsími: 585 4610
www.aslandsskoli.is
aslandss@ismennt.is

www.aslandsskoli.is

Flórgoðinn

**Fréttablað
Áslandsskóla**

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson
skólastjóri